

GJALDSKRÁ

um innheimtu sérstaks löggæslukostnaðar vegna skemmtanahalds.

1. gr.

Tímagjald lögreglumanna samkvæmt a-lið 3. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 587/1987 skal vera 3.397 krónur. Grundvöllur gjaldsins er eftirfarandi:

Laun pr. klst. skv. launatöflu lögreglumanna 1. maí 2006:	kr.
Launaflokkur 10-5	2.329
Álag 20%	<u>466</u>
	2.795
Launatengd gjöld 21,53%	<u>602</u>
	<u>3.397</u>

2. gr.

Dagpeningar lögreglumanna samkvæmt b-lið 3. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 587/1987 skulu ákvarðast í samræmi við auglýsingu ferðarkostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins sem gildir á þeim tíma sem löggæslukostnaður er ákvarðaður.

3. gr.

Aksturskostnaður lögreglumanna samkvæmt c-lið 3. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 587/1987 skal ákvarðast í samræmi við gjald sem ákveðið er í auglýsingu ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins sem gildir á þeim tíma sem löggæslukostnaður er ákvarðaður.

4. gr.

Kostnað vegna uppsetningar nauðsynlegs tækjabúnaðar og aðstöðu samkvæmt d- og e-lið 3. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 587/1987 skal leyfishafi greiða í samræmi við útlagðan kostnað lögreglu studdan reikningum.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 5. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 587/1987 um löggæslu á skemmtunum og um slit á skemmtunum og öðrum samkvæmum, sbr. 1. mgr. 34. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. júlí 2006.

Björn Bjarnason.

Ragna Árnadóttir.